

**93. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
4. desember 2018 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1811222 - Samstarf við FVA- húsnæðismál

Fundurinn hófst upp í Fjölbrotarskóla Vesturlands Akranesi.

Undir þessum lið sitja Ágústa Elín Ingbórsdóttir skólameistari FVA, Pétur Óðinsson umsjónarmaður húsnæðis FVA, Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóli, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla.

Eftir kynningu í FVA var fundi haldið áfram í bæjarþingsal Akraneskaupstaðar. Fulltrúar FVA fylgdu ekki með í þingsalinn.

Skóla- og frístundaráð fagnar samstarfi stjórnenda grunnskólanna á Akranesi og skólameistara FVA.

Jafnframt þakkar ráðið fyrir þær upplýsingar sem komu fram á fundinum og ítarlega samantekt á minnisblaði.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa til bæjarráðs tillögu um að bæjarstjóra verði falið í samstarfi við skólastjórnendur, að vinna frekari útfærslu á hugmyndinni að grunnskólarnir á Akranesi fái afnot af hluta af rými FVA fyrir nemendur 10. bekkjar.

Lagt er til að leitað verði eftir því við menntamálaráðuneytið að FVA og grunnskólarnir á Akranesi vinni að tilraunarverkefni sem miðar að samstarfi milli skólastiga.

2. 1811213 - Erindi frá íþróttakennurum í Grundaskóla

Undir þessum lið sitja Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla og Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Skóla- og frístundaráð þakkar íþróttakennurum í Grundaskóla fyrir erindið.

Ráðið felur sviðsstjóra að eiga samráð við forstöðumann íþróttamannvirkja, fulltrúa notenda hússins og skipulags- og umhverfissviðs um mögulegar lausnir til þess að bæta vinnuástöðu íþróttakennara og annarra starfsmanna íþróttamannvirkjanna á Akranesi.

3. 1811221 - Tillaga ungmennráðs um samráðshóp

Undir þessum lið sitja Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og

BA

RS
SMS

forvarnarmála og Lúðvík Gunnarsson deildarstjóri í Þorpinu.

Samþykkt er tillagan um að stofnaður verði ólaunaður samráðshópur barna og ungmenna og bæjarfulltrúa til að móta framtíðarstefnu um vettvang fyrir ungt fólk.

Lagt er til að í vinnu sinni taki samráðshópurinn m.a. mið af eftirfarandi:

- Skapaður verði vettvangur fyrir börn og ungmenni til að koma skoðunum sínum sem varðar sveitarfélagið á framfæri.

- Að ungmenni geti haft áhrif á þau málefni sem þau telja mikilvæg.

- Að ungmennin velji sjálf mál sem þau fást við hverju sinni

- Að formlegur vettvangur ungmenna geti verið bæjaryfirvöldum til ráðgjafar um einstaka mál.

- Að mótað sé verklag um hvernig fulltrúar ungmenna njóti fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og til sé vettvangur til að þjálfast í þeim.

- Að ungmenni sem notið hafi þjálfunar taki þátt í þjálfun annarra ungmenna í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Erindinu er vísað áfram til áframhaldandi umræðu og útfærslu á fundi ráðsins í febrúar 2019.

4. 1811110 - Íbúaþing um skólamál

Í málefнасamningi Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra vegna meirihlutasamstarfs í bæjarstjórn Akraness er eitt af helstu markmiðum að skólar á Akranesi verði ávallt í fremstu röð. Jafnframt er í málefнасamningnum stefnt að því að halda íbúaþing um menntamál til þess að viðhalda vexti skólustarfs.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness 13. 11. 2018 var samþykkt tillaga Sjálfstæðisflokksins um að haldið yrði íbúaþing um skólamál á Akranesi og var skóla- og frístundaráði falið að útfæra og undirbúa slíkt íbúaþing á næsta ári með það að markmiði að hægt verði að nýta niðurstöðurnar af íbúaþinginu í vinnu við fjárhags- og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2020.

Lagt er til að halda áfram umræðu á fyrsta fundi ráðsins í janúar 2019.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Báre Daðe döttir

Ragnar Semundsson
Sandra M. Sigurðsdóttir